

Miðvikudaginn 12. nóvember 1986.

Nr. 204/1986. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Ragnari Ólafssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Rán.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 12. júní 1986 að ósk ákærða og að því er hann einan varðar, en meðákærðu í héraði óskuðu eigi áfrýjunar. Af hálfu ákærvalds er dóminum áfrýjað til þyngingar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta sakarmat hans, færslu til lagaákvæða og ákvörðun á refsingu. Þá ber og að staðfesta að gæsluvarðhald ákærða skuli dregið frá refsingu, en það telst hafa staðið yfir 21 dag (frá því kl. 14 hinn 25. apríl til kl. 15 hinn 15. maí 1985).

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, en ákvæði héraðsdóms um að ákærði skuli einungis greiða sakarkostnað að hluta verður látið óbreytt standa svo sem málið er lagt fyrir Hæstarétt. Saksóknarlaun og málsvarnarlaun verða ákveðin í einu lagi í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ragnar Ólafsson, sæti fangelsi 3 ár. Frá refsingu skal draga gæsluvarðhaldsvist ákærða í 21 dag.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði að undanteknum málsvarnarlaunum verjanda meðákærðu, svo og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 50.000,00 krónur samtals í héraði og fyrir Hæstarétti, og málsvarnarlaun verjanda ákærða, Hilmar Ingimund-

arsonar hæstaréttarlögmans, 50.000,00 krónur samtals fyrir báðum dómum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. maí 1986.

Ár 1986, þriðjudaginn 20. maí er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er af Péttri Guðgeirssyni sakadómará í Borgartúni 7, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 287 - 290/1986: Ákærvaldið gegn Ragnari Ólafssyni, M, A og G, sem dómtekið var 14. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 6. febrúar 1986, á hendur Ragnari Ólafssyni, Hringbraut 29, Hafnarfirði, fæddum 21. ágúst 1960 í Reykjavík, M, fæddri í Reykjavík ... 1966, A, fæddri ... 1965 í Reykjavík og G, fæddri 1963 í Reykjavík „fyrir eftirtalin hegningarlagabrot framin í Reykjavík í apríl 1985:

I.

Gegn ákærða Ragnari fyrir eftirtalin rán:

1. Laust eftir miðnætti 18. apríl við Lindargötu 59 ráðist á Jóhann M. Magnússon, fæddan 13. júlí 1947, í því skyni að ná af honum fé og slegið hann nokkur hnefahögg í höfuðið svo að hann féll í götuna og ásamt meðákærðu M tekið veski Jóhanns úr jakkavasa hans, en í því var ávisanahefti, greiðslukort, um kr. 300 í peningum og persónuskilríki. Hagnýtti ákærði sér hluta peninganna, fleygði veskinu og eyðilagði ávisanaheftið og greiðslukortið.

2. Skömmu síðar sömu nótt við Freyjugötu 25 ráðist á Eggert Thorarensen, fæddan 26. maí 1921, í því skyni að ná af honum fé og slegið hann nokkur högg í höfuðið með krepptum hnefa, en áður hafði ákærði vafið leðurbelti með málmbroddum um hönd sér, og féll Eggert við þetta í götuna. Ákærði leitaði þá ásamt meðákærðu M að fjármunum í fórum Eggerts, en þau fundu enga og hurfu á brott. Við árásina hlaut Eggert 2 cm skurð á vinstri augabrún og sár á hvirfil og hnakka, sem sauma þurfti saman, og skrámur á vinstri kinn.

3. Sunnudagskvöldið 21. apríl í námunda við Domus Medica, Egilsgötu 3, ráðist á Sigmar Guðlaug Sveinsson, fæddan 17. janúar 1966, í því skyni að ná af honum fé og veitt honum höfuðhögg svo að hann féll í götuna og þá tekið af honum seðlaveski hans sem í var m.a. kr. 6.000 og ákærði hafði til eigin nota.

Framangreind brot ákærða Ragnars teljast varða við 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 20. gr. þeirra laga að því er varðar brotið í lið I, 2.

— — —

V. Dómkröfur.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar.

Málavextir:

I. Um 15 mínútum eftir miðnætti aðfaranótt föstudagsins 19. apríl kom á lögreglustöðina við Hverfisgötu Jóhann Marion Magnússon, Lindargötu 61 í Reykjavík, fæddur 3. júlí 1947 og kærði yfir því, að þrjú ungmenni hefðu ráðist á sig á Lindargötu og rænt sig peningaveski með peningum, tékkhefti og greiðslukorti.

Var Jóhann Marion að sjá skrámaður í andliti og mjög bólginn á vinstri fæti og fluttu lögreglumenn hann í slysideild Borgarspítalans.

Jóhann Marion hefur skýrt frá því að hann hafi skömmu fyrir miðnættið gengið út af veitingastaðnum „Pöbbinum“ við Hverfisgötu þar sem hann hafði drukkið 2 könnur af bjórlíki. Vitnið gekk heim á leið. Þegar hann gekk niður Frakkastíg varð hann var við tvo pílta og stúlku, sem gengu á eftir honum. Vitnið kveðst hafa verið alveg grandalaus og ekki vitað fyrr en hann heyrði einhvers konar óhljóð í fólkinu og í sömu andrá hafi hann fengið þungt högg á hægri gagnauga og strax á eftir annað högg á höfuðið vinstra megin. Vitnið kvaðst hafa vankast við högginn og fallið í götuna. Virtist vitninu eins og högginn væru greidd með barefli. Eftir árásina hafi hann saknað seðlaveskis með tékkhefti, greiðslukorti og skilríkjum.

Í fyrstu skýrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins kvaðst vitnið hafa fengið spark í vinstri fót þar sem hann lá og hafa ristarbrotnað en vitnið hefur nú horfið frá þeim framburði og sagst hafa meiðst á fæti þriðjudaginn næsta á undan, við það að timburstafla hafi runnið til og lent á vinstri fæti hans.

Ákærði Ragnar hefur skýrt frá því að hann hafi ásamt meðákærðu M verið að koma af veitingastaðnum „Pöbbinn“ fimmtudagskvöldið 18. apríl. Þau hafi verið félaus og verið í peningaleit til þess að kaupa fikniefni, en ákærði kveðst hafa verið morfinneytandi á þessum tíma. Þau hafi séð mann haltra eða slaga niður Frakkastíg af Hverfisgötu og hafi þau veitt honum eftirför inn á Lindargötu þar sem ákærði réðst aftan að manningum, sneri honum við og sló manninn í andlitið með kreptum hnefa og hafi maðurinn við það fallið í götuna. Ákærði telur að hann hafi slegið manninn aftur eftir að hann féll. Í skýrslu, sem ákærði gaf hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og hann hefur staðfest fyrir dómi, bar hann að hann hefði slegið manninn með gaddabelti sínu. Ákærði kvað manninn hafa rotast eða vankast mikið og hafi M tekið veski hans og hlaupið á brott. Kveðst ákærði hafa hlaupið á eftir henni. Í veskinu hafi verið 280 krónur, 20 dollarar,

tékkhefti og greiðslukort og kveður ákærði þau hafa skipt með sér peningunum. Ákærði kveðst ekki hafa sparkað í fót mannsins.

Ákærða M hefur greint frá því, að þetta fimmtudagskvöld hafi hún og meðákærði Ragnar farið á „Pöbbinn“ við Hverfisgötu en þau hafi verið félitil og rætt um að komast yfir peninga með einhverju móti. Ekki hafi þó verið rætt um að ráðast á neinn eða beita ofbeldi og barsmíðum. Nokkru fyrir miðnætti fóru ákærðu út úr veitingastofunni og sáu þau þá mann ganga niður Frakkastíg af Hverfisgötu. Hafi þau þá rætt um að þau reyndu að ræna manninn peningum og veittu þau honum því eftirför, og fylgdi ákærða fast á hæla meðákærða Ragnari. Á Frakkastíg hafi Ragnar tekið af sér gaddabeitið og vafið um hendi sér. Veittu þau manningum eftirför inn á Lindargötu og þar hafi Ragnar ráðist á manninn og slegið manninn eitt högg með beltinu á gagnaugað og hafi maðurinn þá fallið í götuna. Ákærða telur að meðákærði hafi þá slegið manninn eitt eða tvö högg í viðbót. Ákærða kveðst hafa beðið á bak við kyrrstæða sendibifreið meðan Ragnar barði manninn og þegar maðurinn var orðinn óvígur hafi hún tekið veski hans úr innri brjóstvasa hans. Hún hafi svo hlaupið á brott með veskið og á eftir hafi þau skipt með sér peningunum. Ákærða kveður meðákærða Ragnar ekki hafa sparkað í fót mannsins.

Eins og áður segir var Jóhann Marion Magnússon fluttur á slysadeild Borgarspítalans. Samkvæmt vottorði Rögnvalds Þorleifssonar lækni, dagsettu 4. ágúst 1985, kom í ljós við skoðun þar að hann var öklabrotinn á vinstri fæti. Ekki er ákært fyrir þann áverka og óvíst er að hann hafi hlotist af árás ákærða Ragnars og verður því sá hluti vottorðsins, sem að því lýtur ekki tekinn upp. Annars segir í vottorðinu:

„Skoðun við komuna á Slysadeildina leiddi eftirfarandi í ljós: Jóhann var eðlilega vakandi og áttaður. Hann var hóglátur og kvartaði ekki að fyrra bragði en kvaðst aðspurður hafa verki í við ökla.“

Skoðun leiddi a.ö.l. í ljós: Ofurlitill þroti og marblámi var á hæ. kinn og lítilsháttar fleiður þar. Marblettur var rétt ofanvert við við hné innanvert. Mikill þroti og eymsli voru um við ökla og náði bólgan upp á miðjan fótlegg.“

Hald var lagt á umrætt gaddabelti og liggur það frammi í málinu. Í skýrslu Bjarna J. Bogasonar rannsóknarlögreglumanns, dagsettri 24. apríl 1985 er beltinu lýst svo:

„Hér er um að ræða leðurbelti, svart, með krómlituðum málmbólum. Beltið vegur 375 grömm. Á beltinu er málm-sylgja, krómlituð og er enda beltisins smellt í gegnum sylgjuna og þannig er hægt að fjarlægja sylgjuna af beltisólinni með því að losa smelluna, t.d. er skipt er um sylgju. Oftast er á beltum hnoðuð festing á beltisendunum fyrir sylgju. Sylgjan vegur 69,5 grömm og er að utanmáli 72 mm x 73 mm. Ólin í beltinu er 47 mm breið

og heildarlengd beltisins með sylgjunni 104,5 cm. Á ól beltisins eru krómlit-
ar kónískar bólur í þrefaldri röð. Þær eru hnoðaðar við ólina. Fjöldi bóln-
anna er 138.

Mældar kónískar bólur mælast að neðan, þ.e. við ólina, 9,5 mm að þver-
máli, 2,5 mm að þvermáli að ofan og 5,5 mm á hæð.“

Telja verður sannað með vætti Jóhanns Marions Magnússonar og fram-
burði ákærðu Ragnars og M að með þeim hafi vaknað ásetningur til þess
að ræna Jóhann Marion þegar þau sáu hann á Hverfisgötu, að þau hafi
veitt honum eftirför niður Frakkastíg, að ákærði Ragnar hafi slegið mann-
inn niður með hnefanum brynjuðum fyrrnefndu gaddabelti, og að ákærða
M hafi tekið veskið úr vasa hans. Eins og atvik urðu verður að telja bæði
ákærðu vera aðalmenn í ráni og ber að refsa þeim báðum fyrir brot gegn
252. gr. almennra hegningarlaga enda girðir atvikalýsing í 1. t. II. kafla
ákærunnar ekki fyrir það, að því er varðar ákærðu M, sbr. 3. mgr. 118.
gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974 og hefur málið verið flutt
með hliðsjón af því.

Í ákæru segir að brotið hafi verið framið „eftir miðnætti 18. apríl.“ Ekki
er unnt að slá neinu föstu um það hvoru megin miðnættis atburðir þessir
urðu, en ljóst er að eftir miðnættið rann upp föstudagurinn 19. apríl.

Í málinu hefur Arnmundur Backman hæstaréttarlögmaður gert svofellða
fébótakröfu fyrir hönd Jóhanns Marions:

„F.h. Jóhanns Magnússonar, Heiðarbraut 1, Höfn Hornafirði, sem varð
fyrir líkamsárás og ráni hinn 19.4. 1985 á Lindargötu, en árásaráðilar eru
Ragnar Ólafsson og M, leyfi ég mér að gera þá kröfu að árásaráðilar greiði
Jóhanni kr. 240.000,00 í skaðabætur.

Jóhann varð fyrir töluverðum meiðslum af völdum árásarinnar og varð
m.a. óvinnufær í 4 mánuði.“

Bótakrafa þessi er ósundurliðuð og ekki studd gögnum og því ber að
vísa henni frá dómi.

II.

Um 25 mínútum eftir miðnætti þessa sömu nótt var óskað eftir hjálp
lögreglu á Bragagötu 36 í Reykjavík. Þar hittu lögreglumenn fyrir Eggert
Thorarensen, til heimilis þar, fæddan 26. maí 1921. Hann skýrði frá því
að piltur og stúlka hefðu ráðist á sig þegar hann var á göngu á Freyjugötu
við húsið nr. 25. Hefði hann skallið með höfuðið utan í húsið og vankast.
Var hann þegar fluttur á slysadeild Borgarspítalans.

Vitnið hefur skýrt frá því, að um kl. 23:30 um kvöldið hafi hann farið
í kvöldgöngu heiman að frá sér og ætlað upp á Skólavörðuholt. Þegar hann
hafi verið kominn á móts við húsið nr. 15 við Freyjugötu hafi hann mætt
pilti og stúlku, sem komu frá Njarðargötu. Pilturinn hafi gengið á gang-

stéttinni en stúlkan á götunni utanvert við bifreiðar sem lagt var við gangstéttarbrúnina. Þegar pilturinn hafði gengið fram hjá vitninu heyrði vitnið einhvern þyt fyrir aftan sig og var skyndilega hrint áfram svo að hann féll á gangstéttina og hlaut þungt högg á vinstra gagnauga. Telur vitnið sig jafnvel hafa fengið fleiri þung högg á höfuðið en er ekki viss. Hann hafi vankast en líklega ekki misst meðvitund. Pilturinn og stúlkan hafi næst farið að stumra yfir vitninu, sem kveðst hafa náð taki á fötum stúlkunnar. Vitninu tókst að komast á fætur og hrópa upp til þess að vekja athygli fólks í næstu húsum. Vitnið segir að árásarfólkið hafi gengið á brott í hægðum sínum. Vitnið hafi komist heim til sín af sjálfsdáðum og kallað á lögreglu.

Ákærði Ragnar hefur skýrt frá því, að hann hafi gengið fram á mann á Freyjugötu í beinu framhaldi af atburðinum á Lindargötu og hann hafi þá ákveðið að ráðast á manninn og ræna hann þar sem hann var félaus en fann sig knúinn til þess að kaupa morfín. Hann hafi vafið gaddabelti sínu um hönd sér, þannig að gaddarnir sneru út, ráðist á manninn og greitt honum högg á höfuðið með hnefanum vöfðum með beltinu. Maðurinn hafi ekki rotast við þetta eina högg og kvaðst ákærði þá hafa misst stjórn á sér og slegið hann fleiri högg. Hann hafi ekki hætt að slá manninn fyrr en hann heyrði aðvörunarhróp frá meðákærðu M en þá var maðurinn orðinn alblóðugur í andliti.

Þau M hafi ekki fundið neitt fémætt í fórum mannsins og yfirgefið hann og hlaupið niður á Baldursgötu.

Ákærða M hefur skýrt frá því, að þau meðákærði Ragnar hafi haldið upp á Skólavörðuholt sem leið liggur áleiðis til Baldursgötu til sambýlismanns ákærðu, eftir að hafa rænt manninn á Lindargötu. Þegar þau hafi verið stödd á Freyjugötu hafi þau séð mann á gangi og hafi þau bæði hlaupið að honum. Ragnar hafi barið manninn í hnakkann eða hvirfilinn með gaddabeltinu sem hann hafði vafið um hönd sér og hafi maðurinn fallið við höggið. Þau Ragnar hafi leitað í vösum mannsins en hann hafi þá gripið í peysu hennar. Þá hafi Ragnar slegið manninn aftur í andlitið með gaddabeltinu, allt að fimm sinnum. Maðurinn hafi orðið alblóðugur um andlitið og fatnaður og gaddabeltið hafi verið blóði ötuð. Ákærða kveðst hafa orðið hrædd um að Ragnar myndi gera út af við manninn og reynt að halda aftur af honum.

Ákærða kveðst hafa hætt að neyta vímuefna eftir að þetta gerðist og vera undir læknishendi. Hún kveðst vera í sambúð með manni.

Eins og áður segir var Eggert Thorarensen fluttur á slysadeild Borgarspítalans.

Í vottorði Rögnvalds Þorleifssonar læknis, dagsettu 22. september sl., segir um ástand Eggerts:

„Eggert var eðlilega vakandi og áttaður.

Utanvert á vi. augabrún hans var 2 cm skurður. Skrámur voru á vi. kinninni og nokkur sandur í þeim. Smá sár voru á hvirfli sjúklings og í hnakkannum og virtust sárin geta verið eftir grófa mól. Þrjú þessara smáu sára voru lengri en 3 mm og voru þau saumuð saman með einum saum hvert, eftir að þau höfðu verið hreinsuð. Sárið á augnabrúninni var saumað og skráurnar í andlitinu hreinsaðar, en nokkur óhreinindi voru í þeim.

Að þessari meðferð lokinni fór sjúkl. heim.“

Telja verður sannað með framburði ákærðu beggja og vætti Eggerts Thorarensens að þau hafi fljótlega eftir árásina á Lindargötu veist að Eggerti á Freyjugötu og að ákærði Ragnar hafi þar slegið manninn niður með brynjuðum hnefa og þau bæði leitað að verðmætum á honum. Verður samkvæmt þessu að telja þau bæði vera aðalmenn í ránstilraun og ber því að refsa þeim fyrir brot gegn 252. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga, enda er verknaði ákærðu M lýst þannig í ákærinni að það er heimilt, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála og málið hefur verið flutt með hliðsjón af því.

Af hálfu Eggerts Thorarensens hefur ekki verið krafist fébóta úr hendi ákærðu.

III.

Sunnudaginn 28. apríl 1985 leitaði á náðir Rannsóknarlögreglu ríkisins Sigmar Guðlaugur Sveinsson, Flögu í Skaftártungu, til þess að kæra yfir því að sunnudagskvöldið 21. sama mánaðar hefði verið ráðist á hann á Hringbraut skammt frá Miklatorgi og hann rændur.

Hann hefur greint frá því hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins að hann hafi þetta kvöld farið á veitingahúsið Óðal við Austurvöll og hitt þar stúlku, sem sagðist heita A og vera frá Norðfirði. Þau hafi tekið tal saman og ákveðið að fara í hús við Hátún eða Nóatún sem stúlkan tiltók. Með stúlku hafi verið önnur stúlka, sem sögð var vera systir A, og eiginmaður þeirrar stúlku. Þau hafi öll fjögur gengið út og sem leið liggur í hóp austur Hringbraut, en rétt áður en þau komu að Miklatorgi hafi maðurinn ráðist á sig og slegið sig nokkur högg í andlitið svo að hann féll til jarðar og síðan spark í andlitið. Kveðst hann hafa rotast af þessu. Þegar hann kom til sjálfs sín hafi hann saknað seðlaveskis síns. Í veskinu hafi verið 3 - 5000 krónur í peningum og skilríki. Vitnið kveðst hafa legið þarna nokkra stund en síðan komist af sjálfsdáðum niður á Umferðarmiðstöð, en þá hafi klukkan verið um 11:00. Ekki kveðst vitnið hafa leitað læknis vegna meiðslanna sem hann hlaut, en þau hafi verið sprungin vör og hrufi á olnboga. Mátti sjá á áverkum á vör vitnisins þegar hann gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu.

Hér fyrir rétti sagði vitnið að frásögn hans af gönguleið þeirra frá Óðali

gæti verið röng, enda væri hann ókunnugur í Reykjavík og hefði verið talsvert ölvaður. Á hinn bóginn hélt vitnið fast við frásögn sína af árásinni.

Ákærði Ragnar hefur greint frá því, að hann hafi farið í veitingahúsið Óðal sunnudagskvöldið 21. apríl 1985 ásamt ákærðu A og G. Í veitingahúsinu hafi A gefið sig á tal við mann og sagt ákærða á eftir að maðurinn væri með seðlabunka í fórum sínum.

Ákærði kveðst þá hafa beðið A að tæla manninn út úr veitingahúsinu. Manninum hafi verið sagt að þau væru á leið í samkvæmi einhvers staðar inni í Túnum. Ákærði telur að þau hafi haldið fótgangandi yfir Skólavörðuholtið og yfir lóð Hallgrímskirkju og sem leið liggur niður að Domus Medica. Er hér var komið höfðu stúlkurnar dregist aftur úr ákærða og manninum og kveðst ákærði þá hafa snúið sér að manninum og skallað hann í höfuðið. Maðurinn hafi fallið til jarðar og hafi þá ákærði óvart rekið fót í kinn hans. Hann hafi þó verið með fullri meðvitund. Ákærði kveðst hafa sagt við manninn að ef hann hreyfði sig myndi ákærði berja hann. Ákærði segir að ekki hafi verið aðrir áverkar á honum en sprungin vör. Segist ákærði hafa tekið veski úr vasa mannsins en í því hafi verið 6.000,00 krónur og skilríki. Veskinu kveðst ákærði hafa fleygt þarna skammt frá og hlaupið einn með feng sinn niður á Snorrabraut þar sem hann tók leigubifreið og látið aka sér í Brautarholt 22 en stúlkurnar hafi komið þangað á eftir ákærða í annarri leigubifreið. Ákærði kveðst hafa sagt þeim þar hvað hann hefði gert. Stúlkurnar hafi þó vitað frá upphafi hvað til stóð, en ekki hafi verið rætt hvernig staðið yrði að ráninu. Þau hafi skipt á milli sín peningunum sem ákærði tók af manninum og hafi A fengið 1.800,00 krónur en G 2.000,00 krónur.

Ákærði kveðst vera hættur að neyta vímuefna, hafa stofnað heimili með ákærðu G og hafa unnið fyrir sér nær óslitið frá því í júlí í fyrra.

Ákærða A kveðst hafa farið í Óðal þetta kvöld ásamt meðákærðu Ragnari og G, á milli kl. 19:00 og 20:00. Fljótlega eftir að inn var komið kveðst ákærða hafa hitt mann, sem hún kannaðist við. Hann hafi boðið ákærðu drykk og hún hafi séð að hann hafði talsvert fé meðferðis. Ákærða kveðst hafa sagt Ragnari frá þessu og hafi þau þá ákveðið að lokka manninn út úr veitingahúsinu með einhverjum ráðum og ræna síðan af honum peningunum. Ákærða kveðst því hafa boðið manninum í samkvæmi og hefði maðurinn þegið það. Þau hafi haldið af stað gangandi sem leið liggur upp Skólavörðustíg á milli Iðnskólans og Hallgrímskirkju og hafi þær G dregist aftur úr þeim Ragnari og manninum. Kveðst ákærða hafa séð þá hverfa. Kveðst ákærða hafa séð þá hverfa á bak við Heilsuverndarstöðina. Örstuttu síðar kveðst hún hafa séð Ragnar hlaupa í átt að Snorrabraut en manninn ganga í átt að miðbænum. Virtist henni maðurinn ekkert vera meiddur. Þær G hafi fengið að vita á leigubifreiðastöð við Snorrabraut

að Ragnar hafi farið í leigubifreið í Brautarholt 22 og hafi þær farið þangað á eftir honum í annarri bifreið. Þar hafi þær hitt Ragnar sem hafi sagt þeim að hann hafi slegið manninn eitt högg og auðveldlega getað náð af honum veskinu.

Ákærða kveður Ragnar hafa afhent henni 1.800,00 krónur en afganginn hafi þau G og Ragnar fengið óskipt, enda búi þau saman.

Ákærða G hefur greint frá því að þegar hún hafi verið stödd í Óðali ásamt meðákærðu A og Ragnari hafi A sagt henni að hún og Ragnar hafi sammælt um að fara með pilti út úr húsinu og ræna hann síðan. Ákærða telur að þau hafi öll farið úr Óðali kl. 23:30 og gengið yfir Skólavörðuholt um Skólavörðustíg, niður með Iðnskólanum og í áttina að Domus Medica við Egilsgötu. Ákærða hafði dregist talsvert aftur úr piltunum og þegar þeir komu að Domus Medica hafi Ragnar slegið piltinn og rænt hann. Ákærða segist þó ekki hafa séð ránið en séð Ragnar og piltinn hlaupa hvorn í sína áttina. Ákærða kveðst hafa tekið leigubifreið ásamt meðákærðu A og farið í Brautarholt 22 á eftir Ragnari. Lét Ragnar ákærðu fá 2.000,00 krónur af peningunum sem hann tók af piltinum.

Með játningu allra ákærðu og vætti Sigmars Guðlaugs Sveinssonar er sannað að sunnudagskvöldið 21. apríl, 1985 flekuðu ákærðu Ragnar og A Sigmar Guðlaug til þess að fara með þeim út úr veitingahúsinu Óðali til þess að hægt væri að ræna hann og að ákærði Ragnar réðst á piltinn nálægt húsinu Domus Medica við Egilsgötu, greiddi honum höfuðhögg svo að hann féll við og rændi hann seðlaveski með nálægt 6.000,00 krónum og fleiru.

Með sama hætti er sannað, að ákærðu skiptu með sér ránsfengnum í Brautarholti þar sem ákærða A fékk í sinn hlut 1.800,00 krónur og ákærða G 2.000,00 krónur.

Með þessu hefur ákærði Ragnar gerst brotlegur við 252. gr. almennra hegningarlaga en atferli ákærðu A þykir varða við 252. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga og ákærðu G við 254. gr. hegningarlaganna.

Viðurlög:

Samkvæmt sakavottorði ákærða er sakaferill hans þessi:

- „1976 í Reykjavík. Uppvís að broti g. 244. gr. hgl., ákæru frestað skb. í 2 ár frá 4.10. 1976.
- 1985 18/5 í Keflavík. Sátt: 5000 kr. sekt f. brot g. 21. gr. sbr. 44. gr. áfl.
- 1979 30/5 í Kópavogi. Sátt: 70.000 kr. sekt f. brot g. 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl., sviptur ökuleyfi í 6 mán. frá 30.05. 1979.

- 1984 1/2 í Reykjavík. Dómur: 16.000 kr. sekt f. brot g. 25., 38. og 50. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 1.2. 1984.
- 1984 24/2 í Reykjavík. Dómur: 2 mán. fangelsi skb. 2 ár og 2.000 kr. sekt f. brot g. 244. gr. og 248. gr. hgl.
- 1985 9/10 í Kópavogi. Dómur: 3 mán fangelsi f. brot g. 244. gr. sbr. 20. gr., 1. mgr. 259. gr., sbr. og 2. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá 9.10. 1985.“

Ákærði er í máli þessu orðinn sannur að þremur ránsbrotum. Telja verður að brot ákærða séu stórfelld vegna þeirrar aðferðar sem hann viðhafði, vegna þess að brotin voru framin í félagi við aðra, vegna þess að þau komu niður á fólki sem ákærði átti ekkert sökótt við, þ. á m. tveim vegfarendum, sem ekkert vissu af ákærða áður og vegna þess að brotin voru framin til þess að afla peninga til að kaupa fyrir fíkniefni. Á hinn bóginn verður ekki litið fram hjá því að líkams- og fjártjón af brotunum varð lítið.

Refsing ákærða verður hegningarauki við dóm sakadóms Kópavogs frá 9. október 1985 en jafnframt hefur dómur sakadóms Kópavogs frá 24. febrúar 1985 ítrekunaráhrif á mál þetta, en sá dómur var reyndar tekinn upp og dæmdur með síðasta dóminum.

Með vísan til þessa alls og 1., 2., 3., 4., 6. og 7. tl. 1. mgr. og 2. mgr. 70. gr., 78. gr., sbr. 77. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 3 ár. Draga ber frá refsingunni gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 25. apríl til 15. maí 1985 að fullri dagatölu.

— — —

Bótakröfu Jóhanns Marions Magnússonar er vísað frá dómi.

Dæma ber ákærða Ragnar til þess að greiða skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, í málsvarnarlaun kr. 50.000,00 og ákærðu M, A og G til þess að greiða skipuðum verjanda sínum, Guðmundi Ingva Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni, in solidum, 50.000,- krónur í málsvarnarlaun.

Dæma ber ákærðu til þess að greiða annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000,00 krónur í þessum hlutföllum:

Ragnar að 3/7, M að 2/7, A að 1/7 og G að 1/7.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ragnar Ólafsson, sæti fangelsi í 3 ár. Frá refsingunni dragist gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 25. apríl til 15. maí að fullri dagatölu.

Ákærða M sæti fangelsi í 12 mánuði. Fullnustu 9 mánaða af refs-

ingunni skal fresta og fellur sá hluti hennar niður að liðnum 3 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Frá hinum óskilorðsbundna hluta refsingarinnar dragist gæsluvarðhaldsvist ákærðu frá 25. apríl til 3. maí 1985 að fullri dagatölu.

Ákæra A sæti fangelsi í 5 mánuði.

Ákærða G sæti fangelsi í 2 mánuði. Fullnustu refsingarinnar skal fresta og fellur hún niður að liðnum 3 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Ragnar greiði skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 50.000,- krónur í málsvarnarlaun.

Ákærðu, M, A og G, greiði in solidum skipuðum verjanda sínum, Guðmundi Ingva Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni, 50.000,00 krónur í málsvarnarlaun.

Annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000,00 krónur, greiði ákærðu sem hér segir: Ákærði Ragnar að 3/7 hlutum, ákærða M að 2/7 hlutum, ákærða A að 1/7 hluta og ákærða G að 1/7 hluta.

Fimmtudaginn 13. nóvember 1986.

Nr. 263/1985. **Ólafur Gíslason & Co. h/f**

(Sveinn Haukur Valdimarsson hrl.)

gegn

Protabúi Vörðufells h/f

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Gjaldþrotaskipti. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.